


1. Sjónrænt skipulag

TEACCH ráðlegging #1 notar sjónrænt skipulag til að útskýra hvaða daglegu athafnir munu eiga sér stað og hvar þær eiga að gerast. Sjónrænt skipulag fyrir einhverfan einstakling hjálpar honum að skilja röð athafna út daginn, þar með talið leik, nám, matartíma, þátttöku í heimilisstörfum og aðrar daglegar athafnir. Þú getur notað hluti, myndir eða texta til þess að setja upp skipulagið, allt út frá því hvað einstaklingurinn á auðveldast með að skilja.

Hlutir



Fyrst á klósett og svo leika með Lego kubba

Myndir



Texti

Fyrir hádegi

- Morgunmatur
- Jóga
- Reikna við borðið
- Leika
- Hádegismatur

Ráðleggingar:

- Sjónrænt skipulag gerir þær athafnir og þau verkefni sýnileg sem er lokið og sýnir hvað eigi enn eftir að gera. Því er ráðlagt að taka burt hluta/tákn/mynd eða merkja við texta þegar búið er að klára athöfnina.
- Setjið inn á sjónræna skipulagið verkefni eða athafnir sem einstaklingurinn er hrifinn af að gera. Það hjálpar oft til við að ljúka öðrum athöfnum eða verkefnum ef viðkomandi veit hvenær hann fær að gera það sem er í miklu uppáhaldi.

Fyrirsjáanleiki er allra hagur til að auka öryggi!